

Fimmtudaginn 11. apríl 1957.

Nr. 8/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-
félags Raufarhafnar**
gegn
Hafsilfri h.f.

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður:¹⁾

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt, samkvæmt 56. gr. laga nr. 80/1938, að aðiljar hlutizt til um að aflað verði eftirtalinna gagna:

1. Kjarasamnings þess, sem gerður var á Raufarhöfn árið 1950 milli Verkamannafélags Raufarhafnar og atvinnurekenda þar.
2. Skýrslna þeirra manna, sem fóru með samningsgerð á Raufarhöfn árið 1950 af hálfu samningsaðilja, um það, a) hvort þágildandi kjarasamningar Verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði hafi verið fyrir hendi við samningsgerðina, b) hvort til umræðu hafi komið skýringar þær á skipavinnu-taxtanum, sem eru í Siglufjarðarkjarsamningunum 1949, sbr. rjšk. 11, eða c) hvort um það hafi verið rétt, er Raufarhafnarsamningurinn var gerður 1950, hvernig skilja bæri ákvæði hans um skipavinnuna.

Rétt er, að aðiljar afli annarra þeirra skýrslna, sem framhaldsgagnasöfnunin kann að veita ástæðu til.

Því úrskurðast:

Aflað skal framangreindra upplýsinga.

1) Mál þetta féll síðar niður.